# Frjálsi lífeyrissjóðurinn

Ársreikningur 2007

Frjálsi lífeyrissjóðurinn
Borgartúni 19
105 Reykjavík

Kt. 600978-0129

# Frjálsi lífeyrissjóðurinn

## Ársreikningur 2007

Efnisyfirlit


| | |
|---|---|
| Áritun endurskoðenda | 2 |
| Skýrsla stjórnar | 3-4 |
| Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8-15 |

# Áritun endurskoðanda

**Til stjórnar og sjóðfélaga Frjálsa lífeyrissjóðsins**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Frjálsa lífeyrissjóðsins fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðenda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits lífeyrissjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign lífeyrissjóðsins á árinu 2007, efnahag hans 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við lög og reglur um ársreikninga.

Kópavogi 26. febrúar 2008

**Deloitte hf.**

Knútur Þórhallsson
*endurskoðandi*

# Skýrsla stjórnar

Frjálsi lífeyrissjóðurinn var stofnaður árið 1978 og starfar samkvæmt leyfi frá Fjármálaráðuneytinu samkvæmt 52. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sjóðurinn starfaði eingöngu sem séreignarsjóður til 1. júlí 1999 þegar sjóðurinn stofnaði tryggingadeild.

## Sjóðfélagar, ávöxtun og eignir

Í lok árs 2007 voru sjóðfélagar 40.385 en heildarfjöldi sjóðfélaga sem greiddi iðgjöld í sjóðinn á árinu var 15.846 og nam hrein eign sjóðsins 66.028 milljónum króna. Sjóðfélögum hefur frá ársbyrjun 2002 boðist að velja milli þriggja fjárfestingarleiða séreignadeildar sem eru með mismunandi fjárfestingarstefnu, áhættu og ávöxtun. Yfirlit um helstu þætti einstakra leiða er sem hér segir:

| | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Tryggingadeild |
|---|---|---|---|---|
| Nafnávöxtun ...................................... | 2,0% | 4,9% | 11,7% | 3,4% |
| Raunávöxtun ..................................... | -3,6% | -0,9% | 5,5% | -2,3% |
| Nafnávöxtun m.v. kaupkröfu skuldabréfa ................ | 3,1% | 5,8% | 10,8% | 3,4% |
| Raunávöxtun m.v. kaupkröfu skuldabréfa ................ | -2,6% | -0,1% | 4,6% | -2,3% |
| Hrein eign í millj.kr. ........................... | 45.515 | 3.090 | 4.778 | 12.641 |
| Fjöldi sjóðfélaga/rétthafa .................... | 38.400 | 2.426 | 3.262 | 29.711 |
| Fjöldi sem greitt hefur í sjóðinn á árinu ................................ | 13.746 | 895 | 1.029 | 11.569 |
| Meðalfjöldi sjóðfélaga sem greiddi í sjóðinn á árinu ..................... | 11.041 | 755 | 998 | 7.637 |
| Fjöldi lífeyrisþega ............................. | 723 | 191 | 455 | 389 |
| Markhópur | Yngri en 55 ára | 55 ára og eldri | Lífeyris-þegar | Allir |
| Fjárfestingarstefna 2007: | | | | |
| Skuldabréf ......................................... | 60% | 85% | 75% | 60% |
| Innlend hlutabréf ............................... | 10% | 5% | 0% | 10% |
| Erlend hlutabréf ................................ | 25% | 10% | 0% | 25% |
| Sérhæfðar fjárfestingar ....................... | 5% | 0% | 0% | 5% |
| Bankainnstæður .................................. | 0% | 0% | 25% | 0% |
| Samtals | 100% | 100% | 100% | 100% |

## Þróun markaða

Árið 2007 var viðburðarríkt ár á fjármálamörkuðum og það hafði áhrif á ávöxtun Frjálsa lífeyrissjóðsins.

Framan af ári var góður gangur á hlutabréfamörkuðum og það virtist stefna í enn eitt metárið á íslenskum hlutabréfamarkaði. Vísitalan náði sínu hæsta gildi um miðjan júlí og hafði þá hækkað um rúmlega 40% frá áramótum. Á sumarmánuðum fóru að berast fréttir af auknum vanskilum á ótryggum bandarískum húsnæðislánum sem átti eftir að draga dilk á eftir sér. Bera fór á vantrú fjárfesta á eignum sem áður höfðu verið taldar traustar. Í árslok hafði úrvalsvísitala hlutabréfa lækkað um 1% frá áramótum og heimsvísitala hlutabréfa lækkaði um 5% árinu. Þetta hafði áhrif á eignasafn Frjálsa lífeyrissjóðsins því að samvæmt fjárfestingarstefnu fjárfesta Frjálsi 1, Frjálsi 2 og tryggingadeild hluta eigna sinna í hlutabréfum.

Þvert á væntingar hélt Seðlabanki Íslands áfram að hækka vexti á árinu 2007 og eftir síðustu vaxtahækkun í nóvember stóðu vextir í 13,75%. Þetta hafði þau áhrif að ávöxtun á löngum verðtryggðum ríkisskuldabréfum varð undir væntingum. Miklar sviptingar voru á gengi íslensku krónunnar á árinu. Krónan styrktist um 7% á árinu m.a. vegna hárra stýrivaxta og áhuga erlendra fjárfesta á að nýta sér mikinn vaxtamun milli krónunnar og annara gjaldmiðla. Styrking krónunnar hafði neikvæð áhrif á ávöxtun erlendra verðbréfa.

# Skýrsla stjórnar

## Bónusgreiðslur til sjóðfélaga

Frjálsi lífeyrissjóðurinn greiddi í lok apríl 2007 um 910 milljónir króna í bónus til sjóðfélaga vegna sterkrar tryggingafræðilegrar stöðu sjóðsins. Árið áður greiddi sjóðurinn um 1,7 milljarð í bónus. Sjóðurinn hefur því greitt samtals 2,6 milljarða í bónus til sjóðfélaga á sl. tveimur árum.

Í apríl 2007 fengu um 24.000 sjóðfélagar bónus og var meðalfjárhæðin um 38.000 kr. á hvern sjóðfélaga. Bónusinn var greiddur í frjálsa séreign sjóðfélaga sem áttu réttindi í tryggingadeildinni í lok ársins 2007. Útgreiðslur séreignar geta hafist eftir 60 ára aldur og greiðast með jöfnum greiðslum til 67 ára aldurs eða lengur eftir ósk sjóðfélaga.

## Ný fjárfestingarleið í séreignadeild

Ný fjárfestingarleið í séreignadeild sjóðsins var stofnuð 1. janúar 2008 og ber hún heitið *Frjálsi Áhætta. Frjálsi Áhætta* er sérstök fjárfestingarleið að því leyti að fjárfestingarstefna hennar verður áhættusæknari en hinna þriggja sem fyrir eru eins og nafn leiðarinnar gefur til kynna. Þar að auki mun leiðin ekki vera hluti af Ævilínu en með Ævilínu færast inneign og iðgjöld sjóðfélaga á milli Frjálsa 1, 2 og 3 á ákveðnum aldri.

Fjárfestingarstefna *Frjálsa Áhættu* gerir ráð fyrir að 55% eigna verði í hlutabréfum og hlutabréfatengdum afurðum, 40% í skuldabréfum og 5% í sérhæfðum fjárfestingum. Hlutfall hlutabréfa og hlutabréfatengdra afurða er hærra en í hinum leiðunum. Því má búast við að langtímaávöxtun verði hærri en að sama skapi að meiri líkur séu á sveiflum í ávöxtun.

Í Frjálsa lífeyrissjóðnum getur sjóðfélagi ráðstafað hluta skylduiðgjaldsins í séreignadeild sjóðsins og öll viðbótariðgjöld renna óskipt í séreignadeildina. *Frjálsi Áhætta* er því kærkomin viðbót fyrir þá einstaklinga sem vilja fjárfesta hærra hlutfall í hlutabréfum og sætta sig við þá áhættuaukningu sem það felur í sér.

Stjórn og framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2007 með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. febrúar 2008

**Í stjórn**

Ásgeir Thoroddsen
*stjórnarformaður*

Ásdís Eva Hannesdóttir

Bjarnar S. Ingimarsson

Jónmundur Guðmarsson

María Sólbergsdóttir

Haukur F. Leósson

Elías Jónatansson

**Framkvæmdastjóri**

Arnaldur Loftsson

# Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2007

| | Sk. | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Trygginga-deild | Samtals 2007 | Samtals 2006 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Iðgjöld** | | | | | | | |
| Iðgjöld sjóðfélaga ....................................... | | 1.524.421 | 91.657 | 103.260 | 476.504 | 2.195.843 | 1.900.679 |
| Iðgjöld launagreiðenda ................................ | | 2.299.134 | 133.289 | 159.585 | 1.369.616 | 3.961.624 | 3.041.027 |
| Vaxtatekjur vegna iðgjalda ........................... | | 17.104 | 577 | 202 | 0 | 17.883 | 34.433 |
| Bónus vegna tryggingadeildar ...................... | | 714.044 | 79.892 | 115.594 | (909.531) | 0 | 0 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur ........... | | (359.247) | 16.169 | (139.883) | (57.284) | (540.245) | (670.494) |
| | | 4.195.456 | 321.585 | 238.759 | 879.306 | 5.635.105 | 4.305.645 |
| **Lífeyrir** | | | | | | | |
| Lífeyrir ........................................................ | 6 | (422.861) | (131.556) | (370.098) | (130.704) | (1.055.218) | (798.688) |
| Umsjónarnefnd eftirlauna ............................ | | 0 | 0 | 0 | 272 | 272 | 382 |
| | | (422.861) | (131.556) | (370.098) | (130.432) | (1.054.947) | (798.306) |
| **Fjárfestingartekjur** | | | | | | | |
| Tekjur af eignarhlutum ................................ | | (147.647) | (8.582) | 0 | (48.146) | (204.376) | 439.068 |
| Vaxtatekjur og gengismunur ....................... | 7 | 1.163.662 | 157.536 | 504.160 | 502.882 | 2.328.240 | 8.167.750 |
| | | 1.016.015 | 148.954 | 504.160 | 454.736 | 2.123.865 | 8.606.818 |
| **Fjárfestingargjöld** | | | | | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður ............... | | (67.139) | (4.068) | (7.054) | (17.269) | (95.531) | (78.707) |
| Önnur fjárfestingargjöld .............................. | | (75.023) | (4.262) | (7.054) | (19.450) | (105.789) | (88.737) |
| | | (142.162) | (8.330) | (14.108) | (36.719) | (201.320) | (167.444) |
| **Rekstrarkostnaður** | | | | | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður ............... | | (60.616) | (3.767) | (6.326) | (17.818) | (88.527) | (79.822) |
| | | (60.616) | (3.767) | (6.326) | (17.818) | (88.527) | (79.822) |
| Hækkun á hreinni eign á árinu ...................... | 14 | 4.585.832 | 326.885 | 352.387 | 1.149.073 | 6.414.177 | 11.866.891 |
| Hrein eign frá fyrra ári .................................. | | 40.932.807 | 2.763.582 | 4.425.902 | 11.491.638 | 59.613.929 | 44.837.327 |
| Flutt frá Lífeyrissjóði Bolungarvíkur ............. | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2.909.710 |
| ***Hrein eign til greiðslu lífeyris ..............*** | | 45.518.639 | 3.090.467 | 4.778.289 | 12.640.711 | 66.028.106 | 59.613.928 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2007

| | Sk. | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Trygginga-deild | Samtals 2007 | Samtals 2006 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | | | | | |
| **Fjárfestingar** | | | | | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum ................ | 8 | 30.763.067 | 1.573.752 | 973.396 | 7.325.867 | 40.636.083 | 33.909.546 |
| Verðbréf með föstum tekjum ...................... | 9 | 13.997.710 | 1.518.140 | 3.702.012 | 4.833.973 | 24.051.835 | 24.303.875 |
| Veðlán ........................................................ | 10 | 528.981 | 0 | 0 | 24.001 | 552.982 | 375.332 |
| Verðtryggð innlán ....................................... | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 42.693 |
| Aðrar fjárfestingar ....................................... | 15 | 0 | 0 | 0 | 14.788 | 14.788 | 14.788 |
| | | 45.289.758 | 3.091.893 | 4.675.408 | 12.198.629 | 65.255.687 | 58.646.234 |
| **Kröfur** | | | | | | | |
| Kröfur á launagreiðendur ............................ | | 109.218 | 7.416 | 11.466 | 83.126 | 211.226 | 139.019 |
| Aðrar kröfur ................................................ | | 5.355 | 588 | 1.926 | 2.521 | 10.390 | 12.514 |
| | | 114.573 | 8.004 | 13.392 | 85.647 | 221.617 | 151.533 |
| **Aðrar eignir** | | | | | | | |
| Bankainnstæður ........................................... | | 266.929 | 7.260 | 114.169 | 443.795 | 832.154 | 1.003.209 |
| | | 266.929 | 7.260 | 114.169 | 443.795 | 832.154 | 1.003.209 |
| *Eignir samtals* | | 45.671.259 | 3.107.157 | 4.802.970 | 12.728.072 | 66.309.458 | 59.800.974 |
| **Skuldir** | | | | | | | |
| **Viðskiptaskuldir** | | | | | | | |
| Aðrar skuldir ............................................... | | (152.621) | (16.690) | (24.680) | (87.361) | (281.352) | (187.048) |
| *Skuldir samtals* | | (152.621) | (16.690) | (24.680) | (87.361) | (281.352) | (187.048) |
| ***Hrein eign til greiðslu lífeyris ...............*** | | 45.518.639 | 3.090.467 | 4.778.289 | 12.640.711 | 66.028.106 | 59.613.928 |

# Yfirlit um sjóðstreymi fyrir árið 2007

| | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Trygginga-deild | Samtals 2007 | Samtals 2006 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Inngreiðslur** | | | | | | |
| Iðgjöld ........................................................ | 3.481.412 | 241.692 | 123.165 | 1.788.836 | 5.635.105 | 4.305.645 |
| Fjárfestingartekjur ....................................... | 1.016.015 | 148.954 | 504.160 | 454.736 | 2.123.865 | 8.606.818 |
| Afborganir verðbréfa ................................... | 1.048.613 | 76.961 | 297.842 | 246.691 | 1.670.108 | 1.697.599 |
| Seld verðbréf með breytilegum tekjum ........ | 21.606.842 | 1.473.356 | 553.772 | 6.884.852 | 30.518.822 | 18.708.738 |
| Seld verðbréf með föstum tekjum ................ | 9.572.065 | 823.286 | 7.142.667 | 3.802.707 | 21.340.725 | 9.914.755 |
| Bónus vegna tryggingadeildar ...................... | 714.044 | 79.892 | 115.594 | (909.531) | 0 | 0 |
| | 37.438.991 | 2.844.142 | 8.737.200 | 12.268.291 | 61.288.624 | 43.233.555 |
| **Útgreiðslur** | | | | | | |
| Lífeyrir ........................................................ | 422.861 | 131.556 | 370.098 | 130.432 | 1.054.947 | 798.306 |
| Fjárfestingargjöld ........................................ | 142.162 | 8.330 | 14.108 | 36.719 | 201.320 | 167.444 |
| Rekstrarkostnaður ........................................ | 60.616 | 3.767 | 6.326 | 17.818 | 88.527 | 79.822 |
| Skammtímaliðir, breyting ............................. | 19.093 | 2.874 | (11.000) | 13.253 | 24.220 | 222.992 |
| | 644.732 | 146.528 | 379.532 | 198.221 | 1.369.013 | 1.268.564 |
| *Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu* ............. | 36.794.259 | 2.697.614 | 8.357.668 | 12.070.070 | 59.919.611 | 41.964.991 |
| **Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting** | | | | | | |
| Keypt verðbréf með breytilegum tekjum ...... | 26.768.530 | 1.637.299 | 1.928.811 | 8.023.122 | 38.357.762 | 27.719.358 |
| Keypt verðbréf með föstum tekjum ............. | 9.659.722 | 1.067.644 | 6.771.367 | 4.071.591 | 21.570.325 | 18.684.376 |
| Ný veðlán og útlán ...................................... | 162.580 | 0 | 0 | 0 | 162.580 | 141.639 |
| Bankainnistæður, (lækkun) hækkun ............. | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | (4.151.646) |
| | 36.590.833 | 2.704.942 | 8.700.178 | 12.094.713 | 60.090.666 | 42.393.727 |
| Hækkun / (lækkun) á bankainnistæðum ......... | 203.427 | (7.329) | (342.511) | (24.643) | (171.055) | (428.936) |
| Bankainnistæður í ársbyrjun .......................... | 63.502 | 14.589 | 456.680 | 468.438 | 1.003.209 | 1.432.145 |
| Bankainnistæður í árslok ............................... | 266.929 | 7.260 | 114.170 | 443.796 | 832.154 | 1.003.209 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrissjóða. Í öllum meginatriðum er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og við gerð ársreiknings ársins 2006.

2. Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok. Eignir í erlendri mynt eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu kaupgengi hjá Reuters í lok reikningsárs.

3. Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Til verðbréfa með breytilegum tekjum teljast hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Til verðbréfa með föstum tekjum teljast skuldabréf og önnur verðbréf með föstum vöxtum eða tiltekna vaxtaviðmiðun. Til veðlána teljast skuldabréfalán með veði í fasteignum eða lausafé.

   Eignir hafa verið metnar með hliðsjón af tapshættu. Tap vegna skuldabréfa og annarra eigna hefur verið óverulegt, auk þess sem vanskil eru nánast engin. Því er ekki talin nauðsyn á niðurfærslu eða framlagi í afskriftarreikning.

   *Frjálsi 1, Frjálsi 2 og Frjálsi 3:*
   Skráð verðbréf með breytilegum tekjum, skráð verðbréf með föstum tekjum og hlutdeildarskírteini eru færð til eignar á markaðsverði í árslok. Óskráð verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við upphaflega kaupkröfu. Önnur óskráð verðbréf eru færð til eignar á upphaflegu kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði í árslok, hvort sem lægra er.

   *Tryggingadeild:*
   Verðbréf eru metin með sama hætti og í leiðum Frjálsa 1 til 3 hér að ofan, að því undanskildu að frá ársbyrjun 2006 hafa öll verðbréf með föstum tekjum verið færð til eignar miðað við upphaflega kaupkröfu.

4. Rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt á fjárfestingargjöld og rekstrarkostnað eftir því hvort um er að ræða kostnað við eignaumsýslu eða annan rekstur sjóðsins.

## Iðgjöld

5. Sjóðfélagar greiða iðgjöld inn á sameiginlegan iðgjaldareikning Frjálsa lífeyrissjóðsins óháð því í hvaða deild þeir greiða. Þegar skilagreinar hafa borist sjóðnum eru fjárhæðir millifærðar af þessum iðgjaldareikningum inn á réttar deildir. Í árslok 2007 er staðan á iðgjaldareikningi sjóðsins um 68,9 milljónir króna.

   Í ársreikningi sjóðsins eru iðgjöld færð í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris þegar skilagreinar hafa borist sjóðnum, óháð því hvort þau eru greidd eða ekki.

## Lífeyrir

6. Greiddur lífeyrir greinist þannig:

| | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Trygginga-deild | Samtals 2007 |
|---|---|---|---|---|---|
| Ellilífeyrir ................................................ | 360.581 | 129.088 | 340.555 | 40.186 | 870.410 |
| Barnalífeyrir ........................................... | 0 | 0 | 0 | 6.816 | 6.816 |
| Makalífeyrir ............................................. | 0 | 0 | 0 | 16.135 | 16.135 |
| Örorkulífeyrir .......................................... | 12.697 | 0 | 6.833 | 67.566 | 87.097 |
| Annar lífeyrir ........................................... | 49.582 | 2.468 | 22.710 | 0 | 74.759 |
| | 422.861 | 131.556 | 370.098 | 130.704 | 1.055.218 |

## Vaxtatekjur og gengismunur

7. Vaxtatekjur og gengismunur greinast þannig:

| | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Trygginga-deild | Samtals 2007 |
|---|---|---|---|---|---|
| Skuldabréf og hlutdeildarskírteini ........... | 1.133.382 | 153.982 | 461.643 | 442.732 | 2.191.739 |
| Bankainnistæður ...................................... | 30.280 | 3.554 | 48.569 | 60.149 | 142.552 |
| Árangurstengd þóknun ............................ | 0 | 0 | (6.051) | 0 | (6.051) |
| | 1.163.662 | 157.536 | 504.160 | 502.882 | 2.328.240 |

## Fjárfestingar

8. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

| | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Trygginga-deild | Samtals 31.12.07 |
|---|---|---|---|---|---|
| Skráð innlend hlutabréf ............................. | 379.548 | 13.137 | 0 | 91.429 | 484.114 |
| Óskráð innlend hlutabréf ........................... | 2.607 | 0 | 0 | 6.113 | 8.720 |
| Skráð erlend hlutabréf ............................... | 1.785 | 58 | 0 | 0 | 1.844 |
| Óskráð erlend hlutabréf ............................. | 32.934 | 0 | 0 | 15.008 | 47.942 |
| Innlend hlutdeildarskírteini ........................ | 15.264.054 | 1.188.791 | 973.396 | 3.450.183 | 20.876.425 |
| Erlend hlutdeildarskírteini .......................... | 13.552.791 | 320.790 | 0 | 3.510.546 | 17.384.127 |
| Önnur verðbréf .......................................... | 1.529.346 | 50.976 | 0 | 252.588 | 1.832.910 |
| Bókfært verð samtals ................................. | 30.763.067 | 1.573.752 | 973.396 | 7.325.867 | 40.636.083 |

9. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

| | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Trygginga-deild | Samtals 31.12.07 |
|---|---|---|---|---|---|
| Skuldabréf með ríkisábyrgð ..................... | 5.649.233 | 1.025.785 | 1.495.508 | 2.461.910 | 10.632.436 |
| Skuldabréf með ábyrgð fjármálastof. ....... | 3.400.622 | 289.384 | 1.414.187 | 776.440 | 5.880.632 |
| Skuldabréf með ábyrgð sveitafélaga ........... | 67.870 | 0 | 29.801 | 66.744 | 164.415 |
| Önnur skuldabréf ..................................... | 4.879.985 | 202.972 | 762.516 | 1.528.879 | 7.374.352 |
| | 13.997.710 | 1.518.140 | 3.702.012 | 4.833.973 | 24.051.835 |

Verðbréf með föstum tekjum eru metin á áætluðu markaðsverði í Frjálsa 1, Frjálsa 2 og Frjálsa 3, en á kaupkröfu í Tryggingadeild.  Bókfært verð og verð samkvæmt upphaflegri kaupkröfu sundurliðast þannig:

| | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Trygginga-deild | Samtals 31.12.07 |
|---|---|---|---|---|---|
| Samkvæmt upphaflegri kaupkröfu ........... | 15.014.354 | 1.607.125 | 3.833.582 | 4.833.973 | 25.289.035 |
| Samkvæmt ársreikningi ............................ | 13.997.710 | 1.518.140 | 3.702.012 | 4.833.973 | 24.051.835 |
| | 1.016.645 | 88.985 | 131.571 | 0 | 1.237.200 |

Áætlað markaðsverð verðbréfa í tryggingadeild, var 4.551 milljónir króna í árslok, samanborið við 4.834 milljónir króna sé miðað við upphaflega kaupkröfu eða 283 milljónum króna lægra. Í ársbyrjun var áætlað markaðsverð verðbréfa í tryggingadeild 74 milljónir króna lægra en ef miðað er við upphaflega kaupkröfu.

10. Veitt lán gegn veði í fasteignum greinast þannig:

| | Frjálsi 1 | Trygginga-deild | Samtals 31.12.07 |
|---|---|---|---|
| Sjóðfélagar | 506.319 | 24.001 | 530.319 |
| Aðrir aðilar | 22.662 | 0 | 22.662 |
| | 528.981 | 24.001 | 552.982 |

## Önnur mál

11. Þóknun til Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. fyrir umsjón og starfsrækslu sjóðsins á árinu nam 254,1 milljón króna og er hún í samræmi við rekstrarsamning þar um. Þóknun til Arion verðbréfavörslu hf. nam 6,6 milljónum króna. Aðrar þóknanir námu 10,3 milljónum króna.

12. Greidd stjórnarlaun á árinu 2007 sundurliðast með eftirfarandi hætti:

| | |
|---|---|
| Frjálsi lífeyrissjóðurinn: | |
| Ásgeir Thoroddsen | 1.800 |
| Ásdís Eva Hannesdóttir | 900 |
| Bjarnar S. Ingimarsson | 900 |
| Jónmundur Guðmarsson | 863 |
| Elías Jónatansson | 863 |
| Haukur F. Leósson | 863 |
| María Sólbergsdóttir | 900 |
| Samtals greidd stjórnarlaun | 7.088 |

13. Þóknanir til endurskoðenda á árinu 2007 sundurliðast með eftirfarandi hætti (með vsk.):

| | |
|---|---|
| Endurskoðun ársreiknings | 1.650 |
| Könnun árshlutareiknings | 561 |
| Önnur endurskoðunartengd þjónusta | 666 |
| | 2.876 |

14. Breytingar á innstæðum sjóðfélaga greinast þannig á árinu:

| | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Trygginga-deild | Samtals 2007 |
|---|---|---|---|---|---|
| Iðgjöld | 4.195.456 | 321.585 | 238.759 | 879.306 | 5.635.105 |
| Greiddur lífeyrir | (422.861) | (131.556) | (370.098) | (130.432) | (1.054.947) |
| Vextir og kostnaður | 813.236 | 136.857 | 483.726 | 400.199 | 1.834.018 |
| | 4.585.832 | 326.885 | 352.387 | 1.149.073 | 6.414.177 |

15. Aðrar fjárfestingar:

| | Fasteigna-mat | Vátrygginga-mat | Áætlað söluverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|---|
| Vitastígur 3, Bolungarvík | 17.785 | 75.166 | 16.500 | 14.788 |

16. Í árslok eru engir framvirkir gjaldmiðlasamningar opnir en á árinu voru gerðir samingar í þeim tilgangi að minnka gjaldeyrisáhættu vegna erlendra eigna. Afkoman af þessum samningum greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Frjálsi 1 | (45.351) |
| Frjálsi 2 | (1.012) |
| Tryggingadeild | (11.578) |
| | (57.941) |

17. Samkvæmt tryggingafræðilegum útreikningi nam áfallin lífeyrisskuldbinding tryggingadeildar Frjálsa 12.833,1 milljónum króna í árslok 2007 miðað við 3,5% ársvexti og að teknu tilliti til áætlaðs kostnaðar við rekstur sjóðsins. Endurmetin hrein eign deildarinnar í árslok 2007 var 12.791,9 milljónir króna eða 41,2 milljónum hærri. Lífeyrisskuldbinding samtryggingardeildar sjóðsins í árslok 2007 greinist þannig:

| | Áfallin skuldbinding | Framtíðar-skuldbinding | Heildar-skuldbinding |
|---|---|---|---|
| Eignir: | | | |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 12.645.500 | 0 | 12.645.500 |
| Endurmat verðbréfa miðað við 3,5% vexti | 542.200 | 0 | 542.200 |
| Lækkun vegna fjárfestingagjalda | (395.800) | 0 | (395.800) |
| Núvirði framtíðariðgjalda | 0 | 29.605.500 | 29.605.500 |
| *Eignir alls* | 12.791.900 | 29.605.500 | 42.397.400 |
| Skuldbindingar: | | | |
| Ellilífeyrir | 8.729.100 | 18.250.500 | 26.979.600 |
| Örorkulífeyrir | 3.001.400 | 6.966.000 | 9.967.400 |
| Makalífeyrir | 993.300 | 2.073.100 | 3.066.400 |
| Barnalífeyrir | 18.600 | 308.900 | 327.500 |
| Rekstrarkostnaður | 90.700 | 407.100 | 497.800 |
| *Skuldbindingar alls* | 12.833.100 | 28.005.600 | 40.838.700 |
| Eignir umfram skuldbindingar | (41.200) | 1.599.900 | 1.558.700 |
| Eignir umfram skuldbindingar í hlutfalli af skuldbindingum | (0,3%) | 5,7% | 3,8% |

# Skýringar

## Kennitölur

18. Kennitölurnar hér á eftir eru reiknaðar út samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrissjóða.

| | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 | 2003 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Frjálsi lífeyrissjóðurinn í heild** | | | | | |
| Meðalfjöldi sjóðfélaga ............................ | 10.994 | 10.363 | 9.830 | 9.262 | 8.577 |
| Heildarfjöldi sjóðfélaga ........................... | 40.385 | 38.379 | 32.961 | 30.210 | 25.868 |
| Fjöldi lífeyrisþega ................................... | 1.404 | 1.090 | 795 | 744 | 726 |
| Meðalfjöldi lífeyrisþega .......................... | 1.055 | 671 | 326 | 278 | 236 |
| Hlutfallsleg skipting lífeyris: | | | | | |
| Ellilífeyrir ............................................... | 71,2% | 74,2% | 80,1% | 74,3% | 80,7% |
| Barnalífeyrir ........................................... | 0,6% | 0,9% | 3,9% | 6,1% | 3,3% |
| Makalífeyrir ............................................ | 1,3% | 1,5% | 4,7% | 11,5% | 3,6% |
| Örorkulífeyrir ......................................... | 7,1% | 9,6% | 7,1% | 5,5% | 9,1% |
| Annar lífeyrir .......................................... | 19,8% | 13,8% | 4,3% | 2,6% | 3,3% |
| **Frjálsi 1** | | | | | |
| Hrein raunávöxtun m.v. innb. iðgjöld........ | -3,6% | 10,1% | 11,0% | 9,5% | 16,0% |
| Meðaltal hreinnar raunáv. sl. 5 ár............. | 8,4% | 7,0% | 4,3% | 2,0% | 2,1% |
| Hlutfallsleg skipting fjárfestinga: | | | | | |
| Skráð með breytilegum tekjum............... | 60,1% | 63,5% | 58,4% | 40,9% | 49,6% |
| Skráð með föstum tekjum...................... | 38,2% | 35,0% | 38,6% | 49,5% | 36,4% |
| Óskráð með breytilegum tekjum........... | 0,2% | 0,1% | 0,5% | 7,4% | 1,3% |
| Óskráð með föstum tekjum.................... | 1,4% | 0,7% | 1,9% | 2,0% | 11,6% |
| Veðlán.................................................. | 0,2% | 0,7% | 0,6% | 0,3% | 1,1% |
| Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum: | | | | | |
| Eignir í íslenskum krónum ................... | 67,5% | 62,5% | 65,1% | 64,9% | 63,6% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum ............. | 32,5% | 37,5% | 34,9% | 35,1% | 36,4% |
| Meðalfjöldi sjóðfélaga ............................ | 11.041 | 10.258 | 13.535 | 4.619 | 4.671 |
| Heildarfjöldi sjóðfélaga ........................... | 38.400 | 33.684 | 31.905 | 28.389 | 24.761 |
| Fjöldi lífeyrisþega ................................... | 723 | 491 | 417 | 404 | 469 |
| Meðalfjöldi lífeyrisþega .......................... | 468 | 310 | 226 | 205 | 262 |
| Hlutfallsleg skipting lífeyris: | | | | | |
| Ellilífeyrir ............................................... | 85,3% | 74,1% | 75,9% | 65,3% | 77,7% |
| Barnalífeyrir ........................................... | 0% | 0,0% | 7,5% | 9,7% | 3,2% |
| Makalífeyrir ............................................ | 0% | 0,0% | 5,5% | 16,9% | 8,3% |
| Örorkulífeyrir ......................................... | 3,0% | 2,8% | 3,9% | 4,8% | 5,6% |
| Annar lífeyrir .......................................... | 11,7% | 23,2% | 7,1% | 3,3% | 5,1% |

# Skýringar

## Frjálsi 2

| | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 | 2003 |
|---|---|---|---|---|---|
| Hrein raunávöxtun m.v. innb. iðgjöld........ | -0,9% | 3,9% | 3,8% | 10,3% | 12,7% |
| Meðaltal hreinnar raunáv. sl. 5 ár............. | 5,8% | 6,4% | 5,4% | - | - |
| Hlutfallsleg skipting fjárfestinga: | | | | | |
| Skráð með breytilegum tekjum.............. | 50,9% | 53,7% | 60,9% | 41,0% | 32,4% |
| Skráð með föstum tekjum...................... | 48,0% | 44,4% | 38,5% | 51,9% | 66,7% |
| Óskráð með breytilegum tekjum........... | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 6,1% | 0,9% |
| Óskráð með föstum tekjum................... | 1,1% | 1,8% | 0,6% | 0,9% | - |
| Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum: | | | | | |
| Eignir í íslenskum krónum ................... | 88,2% | 85,9% | 88,7% | 89,0% | 88,7% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum ............. | 11,8% | 14,1% | 11,3% | 11,0% | 11,3% |
| | | | | | |
| Meðalfjöldi sjóðfélaga ............................ | 755 | 700 | 916 | 332 | 248 |
| Heildarfjöldi sjóðfélaga ........................... | 2.426 | 1.746 | 1.605 | 1.356 | 698 |
| Fjöldi lífeyrisþega ................................... | 191 | 120 | 78 | 66 | 27 |
| Meðalfjöldi lífeyrisþega .......................... | 127 | 73 | 45 | 29 | 16 |
| Hlutfallsleg skipting lífeyris: | | | | | |
| Ellilífeyrir ............................................... | 98,1% | 87,3% | 98,9% | 84,1% | 94,4% |
| Barnalífeyrir ........................................... | 0% | 0,0% | 0,4% | 9,5% | 5,6% |
| Makalífeyrir ............................................ | 0% | 0,0% | 0,6% | 3,6% | 0% |
| Örorkulífeyrir ......................................... | 0% | 1,7% | 0% | 2,7% | 0% |
| Annar lífeyrir .......................................... | 1,9% | 11,0% | 0,1% | 0% | 0% |

## Frjálsi 3

| | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 | 2003 |
|---|---|---|---|---|---|
| Hrein raunávöxtun m.v. innb. iðgjöld........ | 5,5% | 0,9% | 4,6% | 6,1% | 6,4% |
| Meðaltal hreinnar raunáv. sl. 5 ár............. | 4,7% | 4,9% | 6,1% | - | - |
| Hlutfallsleg skipting fjárfestinga: | | | | | |
| Skráð með breytilegum tekjum.............. | 20,3% | 0,2% | - | - | - |
| Skráð með föstum tekjum...................... | 67,2% | 84,8% | - | - | - |
| Óskráð með föstum tekjum................... | 10,1% | 3,8% | - | - | - |
| Bankainnistæður.................................... | 2,4% | 11,2% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum: | | | | | |
| Eignir í íslenskum krónum ................... | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| | | | | | |
| Meðalfjöldi sjóðfélaga ............................ | 998 | 1.084 | 1.533 | 1.243 | 1.201 |
| Heildarfjöldi sjóðfélaga ........................... | 3.262 | 3.014 | 2.874 | 2.608 | 2.207 |
| Fjöldi lífeyrisþega ................................... | 455 | 268 | 193 | 168 | 156 |
| Meðalfjöldi lífeyrisþega .......................... | 313 | 178 | 133 | 124 | 99 |
| Hlutfallsleg skipting lífeyris: | | | | | |
| Ellilífeyrir ............................................... | 92,0% | 93,2% | 91,2% | 88,5% | 83,4% |
| Barnalífeyrir ........................................... | 0% | 0% | 0,3% | 2,2% | 1,4% |
| Makalífeyrir ............................................ | 0% | 0% | 4,9% | 7,7% | 13,6% |
| Örorkulífeyrir ......................................... | 1,8% | 0,1% | 0,4% | 1,5% | 1,5% |
| Annar lífeyrir .......................................... | 6,1% | 6,6% | 3,1% | 0% | 0% |

# Skýringar

| | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 | 2003 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tryggingadeild** | | | | | |
| Hrein raunávöxtun skv. formúlu FME | -2,3% | 11,4% | 11,5% | 9,3% | 15,9% |
| Meðaltal hreinnar raunáv. sl. 5 ár............. | 9,0% | 7,4% | 4,5% | - | - |
| Hlutfallsleg skipting fjárfestinga: | | | | | |
| Skráð með breytilegum tekjum............... | 60,1% | 58,8% | 56,4% | 43,0% | 49,6% |
| Skráð með föstum tekjum....................... | 38,2% | 39,3% | 42,0% | 47,6% | 40,5% |
| Óskráð með breytilegum tekjum........... | 0,2% | 0,2% | 0,1% | 6,4% | 1,0% |
| Óskráð með föstum tekjum................... | 1,4% | 1,6% | 1,5% | 3,1% | 8,9% |
| Veðlán................................................... | 0,2% | 0,3% | - | - | - |
| Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum: | | | | | |
| Eignir í íslenskum krónum ................... | 69,2% | 62,8% | 68,1% | 67,3% | 66,4% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum ............. | 30,8% | 37,2% | 31,9% | 32,7% | 33,6% |
| Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt: | | | | | |
| Hrein eign umfram heildarskuldb........... | 3,8% | 8,1% | 7,3% | 3,6% | 3,9% |
| Hrein eign umfram áfallnar skuldb......... | -0,3% | 12,6% | 24,0% | 19,4% | 13,1% |
| | | | | | |
| Meðalfjöldi sjóðfélaga ............................ | 7.637 | 6.708 | 10.279 | 10.730 | 4.722 |
| Heildarfjöldi sjóðfélaga ........................... | 29.711 | 27.753 | 21.780 | 19.802 | 8.943 |
| Fjöldi lífeyrisþega ................................... | 351 | 364 | 107 | 106 | 74 |
| Meðalfjöldi lífeyrisþega .......................... | 362 | 186 | 76 | 47 | 23 |
| Hlutfallsleg skipting lífeyris: | | | | | |
| Ellilífeyrir ............................................... | 30,7% | 25,0% | 2,7% | 13,7% | 1,2% |
| Barnalífeyrir ........................................... | 5,2% | 5,1% | 12,2% | 7,2% | 45,6% |
| Makalífeyrir ............................................ | 12,3% | 8,2% | 5,1% | 12,2% | 15,7% |
| Örorkulífeyrir ......................................... | 51,7% | 47,6% | 76,0% | 44,9% | 5,6% |
| Annar lífeyrir .......................................... | 0,0% | 14,0% | 4,0% | 21,9% | 31,8% |

# Skýringar

| | |
|---|---|
| Hrein raunávöxtun m.v. innb. iðgjöld.......... | Hjá lífeyrissjóðum sem reikna daglegt gengi eigna er raunávöxtun reiknuð samkvæmt eftirfarandi formúlu: $$r = \frac{(1+i)}{(1+j)} - 1$$ þar sem r táknar hreina raunávöxtun; i táknar breytingu á gengi sjóðsins á árinu og j táknar hækkun vísitölu á árinu. |
| Hrein raunávöxtun tryggingadeildar ........... | Raunávöxtun eigna reiknast samkvæmt eftirfarandi formúlu: $$r = \frac{(1+i)}{(1+j)} - 1$$ þar sem r táknar raunávöxtun, i táknar ávöxtun eigna (sbr. formúlu hér að neðan) og j táknar hækkun á vísitölu á árinu. Formúla fyrir ávöxtun eigna (i) er eftirfarandi: $$i = \frac{2(F-K)}{(A+B-(F-K))}$$ Þar sem F táknar fjárfestingartekjur nettó, þ.e. fjárfestingartekjur að frádregnum fjárfestingargjöldum. K táknar rekstrarkostnað og önnur gjöld að frádregnum öðrum tekjum. A táknar hreina eign til greiðslu lífeyris í ársbyrjun. B táknar hreina eign til greiðslu lífeyris í árslok. |
| Meðaltal hreinnar raunáv. sl. 5 ár............. | Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára sbr. eftirfarandi: $$r_{\bar{5}} = \sqrt[5]{(1+r_1)(1+r_2)\ldots(1+r_5)} - 1$$ |
| Fjöldi sjóðfélaga ......................................... | Meðaltal fjölda sjóðfélaga sem greiddi iðgjald á árinu. |
| Heildarfjöldi sjóðfélaga ............................ | Heildarfjöldi sjóðfélaga hjá sjóðnum í árslok. |

# Fjárfestingarstefna Frjálsa lífeyrissjóðsins 2008 (útdráttur)

## Forsendur fjárfestingastefnu

Eignir Frjálsa lífeyrissjóðsins skulu ávaxtaðar í samræmi við 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 7. gr. samþykkta Frjálsa lífeyrissjóðsins og samkvæmt nánari reglum Fjármálaeftirlitsins. Frjálsi lífeyrissjóðurinn skiptist í fjórar fjárfestingaleiðir innan séreignardeildar annars vegar og tryggingadeild hins vegar.

### Umfjöllun um réttindakerfi

Tryggingadeildin er með eina fjárfestingaleið og tekur við lágmarksiðgjöldum sbr. 2 gr. laga 129/1997. Sjóðfélagar lífeyrissjóðsins eiga val um þrjár leiðir sem uppfylla skilyrði laga um lágmarkstryggingavernd. Í Samtryggingu 70 er öll lágmarkstryggingarvernd tryggð úr tryggingadeild sjóðsins, en í Samtryggingu 30 er hluti réttinda veittur sem bundinn séreignarsparnaður þar sem útborgunum eru settar þrengri skorður en gildir um viðbótarsparnað. Almennur ellilífeyrisaldur er 70 ára, en sjóðfélaga er heimilt að flýta eða fresta töku lágmarksréttinda um allt að fimm ár. Í Samtryggingu 100 rennur allt 12% lágmarksiðgjaldið í tryggingadeild, viðmiðunarellilífeyrisaldur er 67 ára og hægt er að flýta eða fresta töku ellilífeyris um 5 ár. Iðgjöld til samtryggingadeildar eru 7,40% í Samtryggingu 70 en 3,10% í Samtryggingu 30. Lágmarksiðgjöld til sjóðsins eru 12% af iðgjaldsstofni.

Í séreignardeild eru fjórar mismunandi fjárfestingarleiðir sem taka við séreignarsparnaði. Fjárfestingarleiðirnar taka bæði við bundinni séreign og frjálsri séreign.

Í samræmi við það sem að ofan greinir skal skipting verðbréfaeigna Frjálsa lífeyrissjóðsins í grófum dráttum miðuð við þau eignamörk sem tilgreind eru hér í töflunni að neðan. Eignaskipting getur farið tímabundið út fyrir tilgreind mörk, m.a. vegna skyndilegra breytinga á markaðsgengi verðbréfa. Skal þá leitast við að lagfæra hlutföll í eignasamsetningu eins fljótt og mögulegt er.

| Fjárfestingarstefna | Frjálsi Áhætta* | | Frjálsi 1 | | Frjálsi 2 | | Frjálsi 3 | | Tryggingadeild | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Markmið | Vikmörk | Markmið | Vikmörk | Markmið | Vikmörk | Markmið | Vikmörk | Markmið | Vikmörk |
| Innlán í bönkum og sparisjóðum | 0% | 0%-20% | 0% | 0%-20% | 0% | 0%-20% | 25% | 0%-100% | 0% | 0%-20% |
| Ríkisvíxlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs | 31% | 20%-60% | 38% | 20%-60% | 55% | 40%-85% | 50% | 30%-100% | 38% | 20%-60% |
| Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga | 2% | 0%-15% | 4% | 0%-15% | 5% | 0%-10% | 5% | 0%-30% | 4% | 0%-15% |
| Skuldabréf og víxlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana | 2% | 0%-15% | 4% | 0%-15% | 15% | 0%-20% | 12,5% | 0%-50% | 4% | 0%-15% |
| Fasteignatryggð skuldabréf | 0% | 0%-5% | 2% | 0%-5% | 0% | 0%-5% | 0% | 0%-5% | 2% | 0%-5% |
| Hlutabréf | 45% | 20%-60% | 40% | 20%-60% | 15% | 5%-30% | 0% | 0% | 40% | 20%-60% |
| Sérhæfðar fjárfestingar | 5% | 0%-10% | 5% | 0%-10% | 0% | 0%-5% | 0% | 0% | 5% | 0%-10% |
| Önnur verðbréf | 15% | 0%-40% | 7% | 0%-40% | 10% | 0%-40% | 7,5% | 0%-40% | 7% | 0%-40% |
| **Samtals** | **100%** | | **100%** | | **100%** | | **100%** | | **100%** | |
| **Hlutabréf** | **45%** | **20%-60%** | **40%** | **20%-60%** | **15%** | **5%-30%** | **0%** | | **40%** | **20%-60%** |
| Innlend hlutabréf | 20% | 5%-35% | 15% | 5%-30% | 5% | 0%-15% | 0% | 0% | 15% | 5%-30% |
| Erlend hlutabréf | 25% | 10%-40% | 25% | 15%-40% | 10% | 5%-20% | 0% | 0% | 25% | 15%-40% |
| **Önnur verðbréf** | **15%** | **0%-40%** | **7%** | **0-40%** | **10%** | **0%-40%** | **7,5%** | **0%-40%** | **7%** | **0%-40%** |
| Skuldabréf fyrirtækja | 15% | 0%-40% | 7% | 0%-40% | 10% | 0%-40% | 7,5% | 0%-40% | 7% | 0%-40% |
| Annað | 0% | 0%-5% | 0% | 0%-5% | 0% | 0%-10% | 0% | 0%-10% | 0% | 0%-5% |

Ef fjárfest er í sjóðum eða afleiðum taka viðmiðin til undirliggjandi eigna. Í þeim tilvikum sem fjárfest er í erlendum myntum er heimilt að nota gjaldeyrisvarnir með því markmiði að draga úr áhættu af gengisbreytingum erlendra gjaldmiðla og auka ávöxtun. Fjárfestingarstefnan er endurskoðuð a.m.k. árlega og getur hún breyst skv. ákvörðun stjórnar að undangenginni tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins.

Með sérhæfðum fjárfestingum er átt við 8. tölulið 1. mgr. 36 grein laga nr. 129/1997 (Í hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu). Fjárfestingar í framtakssjóðum (e. Private equity), vogunarsjóðum (e. Hedge funds), fasteignasjóðum (e. Real Estate funds) og hrávörusjóðum (e. Commodities) flokkast flestar undir þennan tölulið

* Stefnt er að því að fjárfesta 10% af skuldabréfasafni Frjálsa Áhættu í höfuðstólstryggðum skuldabréfum og ræðst ávöxtun þeirra einkum af þróun hlutabréfa- og eða verðbréfavísitalna.